

14. nóvember 2009.

Lögreglustjórinn í Reykjavík
Hverfisgötu 105
Símbref 4441015

Efni: Kæra – „Skjalafals“

DV hefur haldið því fram að undirritaður hafi falsað nöfn á framboðslista við síðustu Alþingiskosningar. Í dag er slík grein birt af DV og sögð ein mest lesna grein á vef blaðsins. Þar eru þau ósannindi borin fram fyrir þjóðina að undirritaður hafi falsað nafn Garðars Björgvinssonar á framboðslista við síðustu Alþingiskosningar. Og slegið er enn og betur í með þeim fullyrðingum að undirritaður skuldi Garðari laun Kr. 450,000 vegna meðmælandasöfnunar við umrætt framboð.

Undirritaður hefur aldrei skrifað nöfn annarra en sjálfs síns á framboðslista. Um er að ræða gersamlega tilhæfulausar og ærumeiðandi aðdróttanir. Þess er óskað að Lögreglustjórinn í Reykjavík rannsaki meinta skjalafölsun, t.d. með því að kalla til rithandarsérfræðing, og þeir sem eru að bera ofangreindan rógburð fram fyrir þjóðina sæti refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem DV birtir slíkan tilhæfulausan rógburð gegn undirrituðum í blaðinu. DV hefur á undanförunum árum lagt undirritaðan í einelti með sérlega grófum hætti og í tvígang á þessu ári hefur DV sakað undirritaðann um skjalafals. Vísað er til kæru til Lögreglustjórans í Reykjavík frá 23. apríl 2009 og þess óskað að bæði þessi mál verði rannsökuð af lögreglunni.

Ofangreindar greinar DV voru skrifaðar af Lilju Katrínu Gunnarsdóttur. Lilja var upplýst um að áburðurinn á ekki við rök að styðjast áður en greinin var birt. Þar sem um mjög alvarlega og ærumeiðandi aðdróttun er að ræða sem Lilja hefur borið út til þjóðarinnar gegn betri vitund í grein sem á lítið skylt við heiðarlega blaðamennsku, er þess krafist að Lilja Katrín Gunnarsdóttir sæti tveggja ára fangelsi eins og gert er ráð fyrir í almennum hegningarlögum fyrir slíkt brot.

Þess er einnig krafist að ritstjórar DV séu dregnir til ábyrgðar fyrir þátttöku sína í athæfinu, svo og að Sigrún Ármanns Reynisdóttir og Garðar Björgvinsson verði látin sæta ábyrgð.

Virðingarfyllst,



Ástþór Magnússon – Kt. 040853-2519
Sími 4962002 / 5571000 – Netfang: thor@lydveldi.is